

Ávarp
Elizu Reid forsetafrúar
á afmælishátíð Vestmannaeyjabæjar
5. júlí 2019

Ráðherrar,
bæjarstjóri og bæjarstjórn,
aðrir góðir gestir,
elsku Eyjamenn!

Gaman er að vera með ykkur hér í dag. Það var fyrir nokkrum árum að ég sótti einn strákinn okkar á leikskóla. Þá var búið að festa upp á vegg svokallaða „gullmola“ krakkanna. Það kom á daginn að í þetta sinn höfðu kennararnir verið að ræða plön helgarinnar og þriggja ára guttinn minn var með allt á hreinu:

„Við gætum farið til Kúala Lúmpúr, eða kannski til afa og ömmu í Kanada.“ En hvað langaði hann þó mest af öllu? „Ég myndi elska að fara til Vestmannaeyja því að í sundlauginni þar er rennibraut með trampólíni.“

Þetta var um það bil það fyrsta sem ég heyrði frá fyrstu hendi um kosti þessarar indælu eyju. Við komumst því miður ekki til Vestmannaeyja þessa helgi – og reyndar ekki heldur til Kúala Lúmpúr né Kanada. En þegar ég kom fyrst með börnin hingað, fyrir um sjö árum að mig minnir, olli sundlaugin sko ekki vonbrigðum.

Hér er auðvitað ótal margt fleira sem getur glatt gesti nær og fjær. Hér má fylgjast með lundum og öðrum fuglum, hér getum við gengið upp yngsta eldfjall Evrópu og farið í Eldheima, það frábæra safn. Hér má spranga og hér er auðvitað hægt að kaupa dýrindis ís eins og börnin geta vitnað um, eftir margar heimsóknir síðustu ár. Já, ætli þetta sé ekki staðurinn og stundin til að nefna fullum fetum að þegar rætt er um hugsanlega staði að heimsækja eru Vestmannaeyjar alltaf efstar á óskalista þeirra. – En ég nefni þetta bara hér, ekki á fastalandinu.

Já, fyrir okkur sem ferðumst hingað er eyjan fagra fyrirtaks áfangastaður. En hér er líka gott að búa, hér er gott samfélag – öflugt samfélag. Hér er útgerð í miklum blóma, undirstaða atvinnulífsins. Og

hér er íþróttastarf í öndvegi eins og Guðni og einn strákurinn okkar geta vitnað um eftir vel heppnað fótboltamót í síðustu viku. Ekki má gleymi merkri sögu íbúanna hér, einstakri náttúrufegurð og einmuna veðurblíðu alla daga – en nú er ég kannski komin út á hálan ís ...

Hitt eru þó engar ýkjur að eitt af því, sem mér þykir hvað vænst um í mínu hlutverki sem forsetafrú, er að geta farið víða og hitt fjölmarga, geta kynnst fólki um land allt, ungu fólki sem á sér drauma og fögur áform, eldra fólki sem vill miðla af langri reynslu; geta kynnst fólki sem vill gera vel, sjálfu sér til heilla og samfélaginu öllu um leið. Þetta getið þið Eyjamenn gert svo vel. Þið hafið auðvitað ykkar galla – hver hefur þá ekki? En þegar á reynir standið þið saman og það er svo mikils vert.

Kæru vinir! Við Guðni vorum hérna fyrir nokkrum vikum í fylgd með forsetahjónum Þýskalands. Í móttöku þeim til heiðurs sagði Íris bæjarstjóri að Vestmannaeyjar væru helst þekktar fyrir þrennt: Sjávarútveg, náttúrufegurð og íþróttir.

Ég tek þar undir hvert orð en leyfið mér að bæta við þremur þáttum sem koma í minn huga þegar Vestmannaeyjar eru annars vegar: Traust fólk, tækifæri fyrir alla til að sýna hvað í þeim býr – og auðvitað trampólín.

Elsku Eyjamenn: Hjartanlega til hamingju með aldarafmæli kaupstaðarins! Megi ykkur farnast vel um alla tíð.